

Borgarstjórn Reykjavíkur
4. október 2022

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um áskorun til ríkisins um að koma á leigubaki og leigubremsu

Borgarstjórn samþykkir að skora á ríkið að koma á leigubaki og leigubremsu. Yfirgnæfandi meirihluti landsmanna vill að tekið verði upp þak á húsaleiguverð og einnig að leigubremsa verði tekin upp hér á landi. Leigjendur eru oft fastir á milli lágra tekna og okurleigu og því er lagt til að Borgarstjórn Reykjavíkur skori á ríkið að koma á leigubaki og leigubremsu.

Greinargerð

71% aðspurðra í nýlegri skoðanakönnun Maskínu voru mjög eða frekar hlynnt því að leigubak yrði sett á húsaleigu hér á landi. Leigubak felur í sér að hámarksleiguverð er gefið út á húsnæði miðað við stærð, gæði og staðsetningu. 72% aðspurðra voru mjög eða frekar hlynnt því að leigubremsa yrði tekin upp. Með leigubremsu er um að ræða viðmið um hversu mikið húsaleiga megri hækka yfir ákveðið tímabil. Fulltrúar sósíalista ítreka mikilvægi þess að mæta þörfum leigjenda sem eru í erfiðri stöðu. Leiga hefur hækkað upp úr öllu valdi og leigjendur oft fastir á milli lágra tekna og okurleigu.